



NORRÆNA FÉLAGIÐ
100 ára 1922 - 2022



Garðabær
Almar Guðmundsson, bæjarstjóri
gardabaer@gardabaer.is

Reykjavík, 8. september 2022

Erindi: Stuðningur við 100 ára afmæli Norræna félagsins á Íslandi

Norræna félagið á Íslandi er með elstu starfandi félagasamtökum á landinu og heldur í ár upp á 100 ára afmæli sitt. Í tilefni þess hefur allt árið 2022 verið helgað norrænu samstarfi, norrænni vitund, menningu og samkennd.

Félagið stendur að viðburðum í tengslum við aldarafmælið og ber þar hæst afmælis- og höfuðborgarmót dagana 29. og 30. september 2022 með vígslu afmælislundar, norrænni ráðstefnu, móttöku og hátíðarkvöldverði.

Afmælishátíðin hefst með vígslu norræns vinalundar í Fossvogsdalnum fimmtudaginn 29. september kl. 13:00. Búið er að gróðursetja um 100 plöntur í lundinn, þar af átta mismunandi trjáplöntur og runna sem tákna hvert sitt land á Norðurlöndum.

Hátíðarkvöldverður verður á Hótel Borg þar sem forseti Íslands ávarpar gesti og boðið verður upp á skemmtidagskrá. Gera má ráð fyrir því að 30 – 40 gestir komi frá Norðurlöndum en heildargestafjöldi verður um 120 manns.

Föstudaginn 30. september verður efnt til norrænnar ráðstefnu í Þjóðminjasafni Íslands kl. 14:00. Yfirskrift ráðstefnunnar er *Ný tækifæri í norrænu samstarfi - Friður, traust og lýðræði*. Ráðstefnustjóri er Bogi Ágústsson.

Þar sem afmælishátíðin er fjölbreyttur og viðamikill viðburður óskar Norræna félagið eftir stuðningi sveitarfélaga, sendiráða og fyrirtækja. Fer félagið þess vinsamlega á leit við **Garðabæ** að hann styðji við Norræna félagið. Allur stuðningur er vel þeginn.

Þess má geta að Norræna félagið er á skrá sem almannaheillafélag og er því stuðningur við það frádráttarbær frá skatti.

Með von um góðar undirtektir,

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir
Varaformaður Norræna félagsins og formaður afmælisnefndar
norden@norden.is